



Tilkynning til inn- og útflytjenda nr. 10/2005

Tollalög nr. 88/2005

1. janúar 2006 taka gildi ný [tollalög nr. 88/2005](#).

Í nýjum lögum er að finna ýmsar breytingar sem hafa áhrif á tollframkvæmdina. Hér verður gerð grein fyrir helstu breytingum sem felast í lögum þessum en jafnframt er vísað til ýtarlegrar upplýsingar sem er að finna í greinargerð með tollalögnum sem skýra oft mjög vel ákvæði laganna. Rétt er að taka fram að gert er ráð fyrir að um ýmis atriði verði sett nánari fyrirmæli af hálfu fjármálaráðuneytisins og tollstjórans í Reykjavík. Þar til þau fyrirmæli hafa verið sett gilda ákvæði eldri reglugerða og fyrirmæla sett samkvæmt tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum, eftir því sem við getur átt.

Í lögnum er tollstjóranum í Reykjavík fært aukið hlutverk og miðlægum verkefnum fjölgað, sbr. m.a. 43. gr. laganna.

Fyrirhugað er að halda námskeið fljótlega fyrir tollstjóra og starfsmenn þeirra þar sem efni hinna nýju tollalaga verður nánar kynnt. Einnig verður boðið upp á fræðslu fyrir inn- og útflytjendur.

Áður hafa verið settar upplýsingar á heimasíðu embættisins um helstu nýmæli laganna eins og þau voru sett fram í greinargerð með frumvarpi að lögnum. Tollstjórinn í Reykjavík vill vekja sérstaka athygli tollstjóra á eftirfarandi atriðum

1. Athygli er vakin á breytingum er verða á reglum um undanþágur aðflutningsgjalda. Þannig hækka verðmætismörk gjafa úr 7.000 kr. í 10.000 kr. Nýtt ákvæði er sett um heimild til tímabundins innflutnings tækja og annars búnaðar vegna fundarhalda, ráðstefnu og hátíðarhalda. Ráðherra getur í reglugerð afmarkað nánar þær vörur sem ákvæðið tekur til. Nú þarf innflytjandi bifreiða o.fl. sem skráður er erlendis og óskar tímabundins innflutnings bifreiðar o.fl. ekki að hafa verið búsettur erlendis í eitt ár a.m.k. Framlenging leyfis er þó m.a. bundin því skilyrði að hann hafi ekki haft búsetu hér á landi. Sett er sérstök regla fyrir innflytjanda búsettan hér á landi sem flytur til landsins tímabundið bifreið o.fl. sem eru í eigu eða leigu erlends verktakafyrirtækis. Reglur eru verulega rýmkaðar þegar um er að ræða vöru sem send er til útlanda til viðgerðar á ábyrgðartíma og þegar framleiðandi eða seljandi vöru ákveður að senda nýja vöru í stað þeirrar gölluðu.
2. Tollstjóranum í Reykjavík er nú einum falið að gefa út bindandi álit um tollflokkun vöru. Inn- og útflytjanda ber því að senda tollstjóranum í Reykjavík beiðni um bindandi álit. Berist öðrum tollstjórum beiðni um bindandi álit ber honum að framsenda tollstjóranum í Reykjavík beiðnina. Til að tryggja vitneskju annara tollstjóra um bindandi álit verða upplýsingar um það settar á extra net embættisins,



Tollstjórinn í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

sem tollstjórar hafa aðgang að. Jafnframt verður tollstjóra í umdæmi fyrirspyrjanda sent afrit af bindandi álitum tollstjóra.

3. Sett er fram það nýmæli að ferðamenn og farmmenn sem koma til landsins frá útlöndum eða fara frá landinu til útlanda skulu ótilkvaddir gera grein fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 15.000 evrum. Handhöfum tollgæsluvalds er heimilt að leggja hald á fjármunina ef grunur leikur á um að þeir verði notaðir við framkvæmd brots gegn refsíákvæðum almennra hegningarlaga.
4. Skilyrðum SMT- og VEF leyfis hefur verið breytt á þann veg að nú þarf umsækjandi leyfis að hafa tilkynnt atvinnustarfsemi sína til ríkisskattstjóra en ekki Hagstofu eins og verið hefur.
5. Skilafresti aðflutningsskjala hefur nú verið breytt á þann veg að skjölum ber að skila innan sex mánaða en ekki tólf eins og verið hefur. Tollstjóra ber að áætla aðflutningsgjöld hafi aðflutningskýrslu ekki verið skilað innan tilskilinna tímamarka.
6. Athygli er vakin á að skv. 37. gr. laganna þarf innflytjandi ekki að leggja fram tryggingu hjá farmflytjanda eða öðrum aðila sem geymir ótollaafgreidda vöru þegar vara hefur verið afhent á neyðarleyfi. Aðflutningsgjöldin eru nú alfarið á ábyrgð farmflytjanda eða aðila sem geymir ótollaafgreiddar vörur og fengið hefur neyðarleyfi fyrir viðskiptavin sinn, greiði innflytjandi ekki aðflutningsgjöldin.
7. Í 42. gr. er hlutverk tollstjóra skilgreint og er mikilvægt að tollstjórar kynni sér hana vel.
8. Í 43. gr. er sérstakt hlutverk tollstjórans í Reykjavík skilgreint og er mikilvægt að tollstjórar kynni sér hana vel en víða annarsstaðar er í lögnum að finna ákvæða er kveða á um sérstakt hlutverk tollstjórans í Reykjavík.
9. Frá og með 1. janúar 2006 er þeim sem hingað til hafa verið nefndir flutningsmiðlarar skylt að hafa leyfi ráðherra til tollmiðlunar. Fjármálaráðuneytið hefur tekið ákvörðun um að veita þeim sem óska eftir að starfa sem tollmiðlarar skv. nýju lögnum leyfi til að sækja um umrætt leyfi fyrir 1. febrúar n.k. Þá á eftir að vinna úr umsóknum. Ekki ber því að grípa til aðgerða gagnvart miðlurum sem ekki geta framvísað leyfi Fjármálaráðherra. Nánari upplýsingar um tollmiðlara er að finna á heimasíðu embættisins, www.tollur.is.
10. Gerðar eru umtalsverðar breytingar á hugtakanotkun og skilgreiningu á geymslusvæði fyrir ótollaafgreiddar vörur. Geymslutími í afgreiðslugeymslum farmflytjanda og viðurkenndra tollmiðlara er sex mánuðir en hægt er að óska sérstaks leyfis til að geyma vöru lengur, þó aldrei lengur en 18 mánuði. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um form leyfis til að geyma vöru lengur en sex mánuði. Vara í öðrum geymslum er ekki háð tímamörkum.
11. Varðandi afhendingu vöru úr fari eða afgreiðslugeymslu er gert ráð fyrir að leyfishafi tilkynni tollstjóra í því tollumdæmi þar sem geymslusvæðið er um



Tollstjórinn í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

fyrirhugaðan flutning. Sama gildir þegar vara er afhent úr vörslu farmflytjanda í afgreiðslugeymslu tollmiðlara eða annars farmflytjanda. Tollstjóri skal lýsa því yfir hvort flutningur sé heimill eða hvort varan skuli kyrrsett til frekari skoðunar án tafar en þó eigi síðar en 24 klukkustundum eftir að tilkynning berst honum með sannanlegum hætti. Gert er ráð fyrir að þorri tilkynninga um flutning berist tollstjóra með rafrænum hætti eftir ákveðnum samskiptareglum sem tollstjórinn í Reykjavík setur. Unnið er að kerfisbreytingum vegna þessa en fram að breytingum verður fyrirkomulag óbreytt frá því sem verið hefur.

12. Hugtakið geymsluband er notað um flutning á ótollafgreiddum vörum milli geymslusvæða sem ekki eru á ábyrgð sama leyfishafa. Gert er ráð fyrir að tilkynning um flutning berist tollstjóra með rafrænum hætti eftir ákveðnum samskiptareglum sem tollstjórinn í Reykjavík setur. Unnið er að kerfisbreytingum vegna þessa en fram að breytingum verður fyrirkomulag óbreytt frá því sem verið hefur.
13. Hugtakið tollband er notað um form sönnunar á flutningi í “ tollfrjálsa endastöð”. Unnið er að kerfisbreytingum vegna þessa en fram að breytingum verður fyrirkomulag óbreytt frá því sem verið hefur.
14. Ekki eru gerðar miklar breytingar á ákvæði um sýnilega vöntun. Í 85. gr., er varðar leynda vöntun er hinsvegar gerð sú breyting að vörsluhafa er nú skylt að greiða toll og önnur aðflutningsgjöld af því vörumagni sem vantar miðað við skráningu á geymslusvæði að viðbættu 20% álagi á toll og önnur aðflutningsgjöld, nema leyfishafi geti fært fullnægjandi sannanir fyrir því að vöntunin sé komin til áður en sendingin var flutt inn á tollsvæði ríkisins. Með þessu er átt við að 20% álag leggist ofan á útreiknuð aðflutningsgjöld sem greiða átti af þeim vörum sem voru ekki til staðar á geymslusvæði.
15. Í lögnum er sett fram nýmæli um meðferð umframbergða á geymslusvæði. Fram kemur að leyfishafi geymslusvæðis skuli skrá allar umframbergðir á geymslusvæði um leið og hann verður þeirra var. Honum ber að tilkynna tollstjóra um allar skráningar. Komi í ljós við vörutalningu tollstjóra á geymslusvæði fyrir ótollafgreiddar vörur, vörumagn umfram það magn sem er skrá inn á hlutaðeigandi geymslusvæði skv. 76. gr. er leyfishafa geymslusvæðis skylt að greiða toll og önnur aðflutningsgjöld af því vörumagni þegar þess verður vart.
16. Í 109. gr. er felld niður tilkynningarskylda tollstjóra þegar hann leiðréttir augljósar og smávægilegar villur í skriflegum aðflutningsskýrslum sem honum hafa verið látnar í té. Leiði leiðréttingin til gjaldabreytinga eða að öðru leyti til breytinga á réttarstöðu innflytjanda telst hún ekki smávægileg. Fer þá um leiðréttingu eða endurákvörðun eftir öðrum ákvæðum laganna.

Í 2. mgr. 109. gr. er kveðið á um að tollstjóri skuli áætla aðflutningsgjöld hafi aðflutningsskýrslu ekki verið skilað innan tilskilins frests skv. 22. gr. en þar er kveður á um að aðflutningsskýrslu eigi að hafa verið skilað innan sex mánaða.



Tollstjórinn í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

17. Í 110. gr. er mælt fyrir um heimildir tollstjóra til að skora á innflytjanda eða umboðsmann hans til að leiðrétta aðflutningsskýrslu og/eða fylgigögn hennar fyrir tollafgreiðslu. Ekki er um mikla efnislega breytingu að ræða aðra en þá að tollstjóranum í Reykjavík er falið að ákveða form áskorunar um leiðréttingu og getur hún verið hvort heldur sem er á skriflegu eða rafrænu formi.
18. Í 111. gr er fjallað um endurákvörðun aðflutningsgjalda eftir rafræna tollafgreiðslu. Ekki eru efnislegar breytingar að ræða aðrar en þær að heimilt er að endurákværða vegna sendinga sem innfytjandi hefur fengið tollafgreiddar með rafrænum hætti á síðustu sex árum talið frá þeim degi þegar honum berst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun. Áður var talið frá tollafgreiðsludegi til endurákvörðunardags.

Þegar ákvæði um endurákvörðun er skoðuð verður að hafa í huga að skv. lögnum taka þau til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra. Þegar verið er að endurákværða aðflutningsgjöld vegna vara sem hafa verið afhentar fyrir 1. janúar 2006 ber að fara eftir tollalögum nr. 55/1987, með síðari breytingum.
19. Í 112. gr. er ekki mikið um efnislegar breytingar að öðru leyti en því að tollstjóri hefur nú rýmri frest til að endurákværða aðflutningsgjöld eftir skriflega tollafgreiðslu. Tollstjóri verður nú að hefja endurákvörðunarferlið innan 60 daga frá tollafgreiðslu en þarf ekki að hafa lokið endurákvörðun innan þessara 60 daga.
20. Í 113. gr. er að finna nýmæli sem kveður á um heimild tollstjóra til að leiðrétta aðflutningsskjöl þrátt fyrir að fjárhæð aðflutningsgjalda sé rétt. Þetta getur átt við t.d. þegar um ranga tollflokkingu er að ræða en breyting leiðir ekki til gjalda-breytingar. Athygli er vakin á að hér eru engir tímafrestrir settir. Málsmeðferðin er í samræmi við reglur stjórnisýslulaga og ber að gefa innflytjanda kost á að andmæla breytingu á aðflutningsskjölum. Sama gildir um útflutning.
21. Í 115. gr. er að finna nýmæli um heimildir tollstjóra til áætlunar aðflutningsgjalda og honum veittar leiðbeiningar um með hvaða hætti áætlun skuli framkvæmd.
22. Í 116. gr. er nýmæli sem kveður á um skyldu innflytjanda til að leggja fram leiðréttingu á aðflutningsskýrslu eftir tollafgreiðslu innan sex ára frá tollafgreiðsludegi hafi upplýsingar verið rangar eða ófullnægjandi. Lögbundið er að tollstjóri skal kveða upp úrskurð vegna beiðni um leiðréttingu innan 30 daga frá því að gagnaöflun var lokið.

Einnig er tekið fram að innflytjandi ber sönnunarbyrði fyrir því að rangar og ófullnægjandi upplýsingar hafi verið lagðar til grundvallar tollafgreiðslu vöru ef breyttar forsendur geta leitt til lækkunar álagðra aðflutningsgjalda.

Hér ber að hafa í huga að lögin taka einungis til vara sem hafa verið afhentar í gildistíð þeirra.
21. Í 117. gr. er fjallað um kærur til tollstjóra. Ekki er um miklar efnislegar breytingar að ræða aðrar en þær að kærheimild tollskylds aðila til tollstjóra tekur til allra



Tollstjórinn í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

ákvarðana tollstjóra um fjárhæð aðflutningsgjalda eða atriða sem liggja til grundvallar ákvörðun aðflutningsgjalda, svo sem tollverð og tollflokkun, þar á meðal ákvarðana tollstjóra um synjun niðurfellingar, lækkunar eða endurgreiðslu tolls.

22. Í 118. gr. er fjallað um kærur til ríkistollanefndar. Gerðar eru breytingar á ákvæðinu og er frestur ríkistollanefndar til að kveða upp úrskurð lengdur úr 30 dögum í 60 daga. Einnig er skýrt tekið fram í ákvæðinu að kæra til ríkistollanefndar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar og það sama gildir um málshöfðun. Í ákvæðinu er einnig tekið fram að ríkistollanefnd skal senda tollstjóranum í Reykjavík tafarlaust endurrit eða ljósrit af kæru.
23. 119. gr. er nýmæli sem kveður á um að tollstjórinn í Reykjavík hafi á hendi tollendurskoðun á landinu öllu. Athygli er þó vakin á því að skv. 4. mgr. 119. gr. skal tollstjóri í því umdæmi þar sem vara var tollafgreidd annast endurákvörðun aðflutningsgjalda. Fyrirkomulag endurskoðunar verður kynnt nánar síðar.
24. Í 120. gr. er fjallað um gjalddaga aðflutningsgjalda. Sú breyting er gerð að hætt er að nota hugtakið eindaga ásamt gjalddaga. Hugtakið gjalddagi er notað um réttan greiðslutíma aðflutningsgjalda, þ.e. þann tíma þegar tollstjóri getur fyrst krafist þess að sá sem skuldar aðflutningsgjöld inni greiðslu sína af hendi. Gjalddagi aðflutningsgjalda er því þegar leyfi hefur verið veitt til afhendingar þeirra til notkunar innan lands. Aðflutningsgjöld falla þó í gjalddaga eigi síðar en sex mánuðum eftir komudag flutningsfars nema tollstjóri hafi heimilað lengri geymslutíma í afgreiðslugeymslu, sbr. 1. mgr. 70. gr.

Almennt er gerð sú breyting að gjalddagi aðflutningsgjalda er tollafgreiðsludagur en ekki sá dagur er fullnægjandi aðflutningsskjöl voru lögð fram. Einnig er fjallað um gjalddaga neyðarleyfa og bráðabirgðatollafgreiðslu en gert er ráð fyrir að frestur til uppgjors verði ákveðinn með reglugerð.

Gjalddagi hraðsendinga er nú lögbundinn og verður sjö dögum eftir tollafgreiðslu vörusendingar.

Einnig er fjallað um gjalddaga þegar vara er afhent án leyfis og gjalddaga þegar um endurákvörðun er að ræða. Varðandi endurákvörðun og greiðslu vaxta verður þó að hafa 125. gr. í huga.

25. 121. gr. mælir fyrir um þá breytingu að allir sem eru á virðisaukaskattskrá geti fengið greiðslufrest. Greiðslufrestur verður tveir mánuðir í stað eins eða tveggja mánaða eins og nú gildir. Tekið er fram að óheimilt er að veita greiðslufrest á aðflutningsgjöldum þegar um neyðarleyfi eða bráðabirgðaaafgreiðslu er að ræða.

Uppgjörstímabil tolla og annarra gjalda verður tveir mánuðir nema annað sé ákveðið í öðrum lögum, sbr. 122. gr.

26. 123. gr. er fjallað um heimildir tollstjóra til að loka fyrir frekari skuldfærslu aðflutningsgjalda ef innflytjandi gerir ekki skil á aðflutningsgjöldum á tilskildum



Tollstjórinn í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

tíma og einnig er tollstjóra heimilt að loka fyrir frekari skuldfærslu vegna annarra vangreiddra ríkissjóðsgjalda.

27. Í 125. gr. er kveðið á um að greiða skuli dráttarvexti af vangreiddum aðflutningsgjöldum frá og með gjalddaga þeirra. Þó er gerð sú undantekning að þegar um endurákvörðun er að ræða verða einungis reiknaðir dráttarvextir frá því að innflytjanda barst tilkynning um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun. Það athugast þó að þetta á eingöngu við um sendingar sem tollafgreiddar eru eftir 31. desember 2005.
28. Tollstjóra ber skv. 2. mgr. 125. gr. að greiða innflytjanda vexti komi í ljós að innflytjandi hafi ofgreitt aðflutningsgjöld. Hingað til hafa gilt um þetta lög um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.
29. Í 127. gr kemur fram sú meginregla að það er innflytjandi sem ber ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda. Ekki er lengur talað um að viðtakandi vöru geti verið ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda.

Í 2. mgr. 127. gr. kemur fram að tollmiðlari ber ásamt innflytjanda vöru óskipta ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda en ábyrgð tollmiðlara fellur niður hafi aðflutningsgjöld verið skuldfærð á innflytjanda. Tollmiðlari getur eftir sem áður, líkt og verið hefur, borið ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjaldi, hafi hann vitað eða mátt vita að upplýsingar í aðflutningskjöllum voru rangar eða ófullnægjandi. Ákvæðið er ekki tæmandi varðandi ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, t.d. getur leyfishafi geymslusvæðis vegna sérstakra atvika orðið ábyrgur.
30. Í 128. gr. kemur fram að aðflutningsgjöld ásamt dráttarvöxtum og kostnaði eru tryggð með lögveði í innfluttri vöru eins og verið hefur.
31. Í 4. mgr. 128. gr. kemur fram að gera megi fjárnám hjá tollskyldum aðila verði vara ekki seld nauðungarsölu. Þó verður ekki gert fjárnám skv. greininni hjá öðrum umboðsmönnum innflytjanda en tollmiðlara. Fjárnám verður eingöngu gert hjá tollmiðlara verði hann gerður ábyrgur fyrir greiðslu aðflutningsgjalda skv. ákvæðum laganna.
31. Í 129 gr. er fjallað um uppboð. Þar er lögfest sú regla að tollstjóra ber að tilkynna innflytjanda um uppboð.
32. 130. gr lögfestir þá reglu að tollstjóra er skylt að stöðva tollafgreiðslu sendingar ef skilyrðum innflutnings er ekki fullnægt.
33. Í 131. gr. er mælt fyrir um stöðvun tollafgreiðslu á öllum vörum til innflytjanda m.a. vegna vanskila, vanrækslu á skilum á tollskýrslu og fylgigögnum eða þegar ekki er sinnt upplýsingaskyldu.
34. Í 141. gr. eru einfaldaðar útflutningsskýrslur lögfestar. Tollstjórinn í Reykjavík veitir leyfið eins og verið hefur.



Tollstjórinn í Reykjavík

DIRECTORATE OF CUSTOMS

35. Í 145. gr. kemur fram að hægt er að óska eftir bindandi álit um uppruna vöru. Tollstjórinn í Reykjavík gefur út bindandi álit um uppruna og skal hann gera það 60 dögum eftir að beiðni er lögð fram. Áður voru þetta tollstjórar hver í sínu umdæmi.

36. Fram kemur í 195. gr. tollalaga að heimilt er að innheimta gjöld vegna þjónustu tollstjóra í ákveðnum nánar tilgreindum tilvikum. Unnið er að gerð sameiginlegrar gjaldskrár fyrir öll tollembætti.

Að lokum er vakin athygli á 196. gr. sem fjallar um gildistöku laganna en þau öðlast gildi 1. janúar 2006 og taka **til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku þeirra**. Jafnframt skal áréttað að reglugerðir og öll önnur fyrirmæli sem sett hafa verið samkvæmt [tollalögum, nr. 55/1987](#), halda gildi sínu, að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við ákvæði laga þessara, uns nýjar reglugerðir og fyrirmæli hafa verið gefin út.

27. desember 2005

Tollstjórinn í Reykjavík

